



Alþingi – Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Eyjafjarðarsveit, 1. apríl 2019  
1902014,00.6.5  
SÁ

**Efni: Umsögn um 86. mál - Þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíð Reykjavíkurflugvallar.**

Á fundi sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar 28. mars 2019, var lögð fram 318. fundargerð stjórnar Eyþings frá 12. mars 2019

*Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar tekur samhljóða undir eftirfarandi bókun stjórnar Eyþings í lið 12b í fundargerðinni.:*

*“Stjórn Eyþings tekur undir þingsályktunartillögu þess efnis að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar og er afstaða stjórnarinnar einróma í því að flugvöllur og miðstöð innanlands- og sjúkraflegs skuli vera áfram í Vatnsmýrinni í Reykjavík uns jafngóður eða betri kostur verði tilbúinn til notkunar. Þá tekur stjórn Eyþings undir greinargerð sem fylgir þingsályktunartillögunni. Reykjavíkurflugvöllur gegnir mikilvægu og fjölpættu hlutverki í samgöngum íbúa Norðausturlands, þá er tilgangur hluta ferðanna að sækja lækniþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og tengist staðsetning flugvallarins þannig brýnum öryggishagsmunum almennings. Þá gegnir flugvöllurinn einnig lykilhlutverki í tengingu landsbyggðanna við opinbera grunnþjónustu og mikilvægar opinberar stofnanir, sem flestar eru staðsettar á höfuðborgarsvæðinu.”*

Með bestu kveðju,

Stefán Arnason  
Skrifstofustjóri